

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Tónleikaröð í Fræðasetri umforystufé
Markmið	Markmiðin eru tvö. Í fyrsta lagi að auka við menningarflóru á svæðinu þar sem yfirleitt eru fáir tónlistarviðburðir á sumrin. Í öðru lagi er að gefa ungum tónlistarmönnum á svæðinu tækifæri til að koma sér á framfæri og leyfa öðrum að njóta listar þeirra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Áætlað er að hafa 6 tónleika í Fræðasetri um forystufé á komandi sumri, u.þ.b. hálfmánaðarlega. Tónleikarnir eiga að vera að kvöldi til þannig að sem flestir eigi heimangengt. Á hverja tónleika er áætlað að fá unga/n tónlistarmann/menn af svæðinu til að koma fram og fá greitt fyrir það. Meðfylgjandi er sér skjal þar sem er gerð fjárhagsáætlun fyrir verkefnið.
Framkvæmdaaðili	Fræðasetur um forysturé. forystusetur@forystusetur.is Sími 8528899
Samstarfsaðilar	Ungir tónlistamenn í héraði, tónlistarskólar.
Tengsl við sóknaráætlun	Þarna er verið að tengja saman svæði í héraði, verið að gefa ungu fólki tækifæri til að koma fram og gefa almenningi tækifæri til að njóta lista.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Tónlist er án landamæra, allir geta notið tónlistar á sinn hátt, tónlist brýtur niður alla fordóma, gerir alla jafna og á alls staðar við. Tónlist er eitt af þeim skynhrifum sem snertir alla og gaman að geta leitt fram það jákvæða í fari allra.
Árangursmælikvarðar	Árangurinn mælist aðallega í ánægju fólks sem bæði flytur og nýtur tónlistarinnar. Að auki eykur þetta gildi þess að búa á svæðinu og ef til vill laðar að ferðamenn og fólk úr öðrum héruðum.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaafurðirnar eru í raun 6, hverjir einstakir tónleikar. Í lokin verður farið yfir verkefnið með þeim sem fram hafa komið og þeim sem nutu og kannað hvernig til hefur tekist.
Upphaf og lok verkefnis	Fyrstu tónleikar í lok júní, fjórir í júlí og einir í ágúst.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður alls verkefnistins verður 600.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	500.000 kr
Mótframlag (ef við á)	100.000 kr
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Þetta er eitt einstakt verkefni og er ekki í tengslum við önnur verkefni.